



**20. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
Miðvikudaginn 21. febrúar 2007, kl. 16:15**

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Lagt fram til kynningar:
 - a. Fundargerðir Héraðsráðs frá 18. janúar 2007 og 14. febrúar 2007
 - b. Fundargerðir stjórnar Brunavarna A-Hún. frá 22. janúar 2007 og 1. febrúar 2007
 - c. Fundargerð Heilbrigðisnefndar N.v. frá 14. febrúar 2007
 - d. Listi yfir fasteignir í Blönduóssbæ með undanþágu frá fasteignaskatti
 - e. Kjaraviðræður við kennara og launasamanburður
2. Afskrift fasteignagjalda
3. Frumvarp til vegalaga – til umsagnar. Sjá:
<http://www.althingi.is/altext/133/s/pdf/0548.pdf>
4. Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Blönduóssbæ
5. Námsferðir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga
6. Ritun sögu Blönduóss – erindi frá Páli Ingbóri Kristinssyni
7. Styrkbeiðni vegna skýrslu Ólínu Friðriksdóttur um samkeppnishæfni Austur-Húnavatnssýslu
8. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 13. febrúar 2007
9. Tjaldsvæðið Brautarhvammi – uppgjör vegna ársins 2006 og rekstur 2007
10. Samstarfsverkefni við Húnavatnshrepp
11. Rekstur þjónustumiðstöðvar
12. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Lagt fram til kynningar:
 - a. Fundargerðir Héraðsráðs frá 18. janúar 2007 og 14. febrúar 2007
Umræður urðu um málefni Sæborgar og Valgarður skýrði vinnu Héraðsráðs varðandi athugun á vettvangi skólamála, brunavarna og byggingafulltrúa í héraðinu. Einnig voru málefni Kvennaskólans rædd.
 - b. Fundargerðir stjórnar Brunavarna A-Hún. frá 22. janúar 2007 og 1. febrúar 2007
Ágúst kynnti stöðu mála í viðræðum um samstarf um Brunavarnir.
 - c. Fundargerð Heilbrigðisnefndar N.v. frá 14. febrúar 2007
Um er að ræða afgreiðslur nefndarinnar sem lúta að Blönduóssbæ varðandi samþykktir og gjaldskrár.
 - d. Listi yfir fasteignir í Blönduóssbæ með undanþágu frá fasteignaskatti
Valgarður lagði fram lista yfir þær fasteignir sem voru undanþegnar fasteignaskatti 2006.
 - e. Kjaraviðræður við kennara og launasamanburður
Allnokkrar umræður urðu um framgang samningaviðræðna við kennara.



2. Afskrift fasteignagjalda

Bæjarráð samþykkir að afskrifa fasteignagjöld tveggja aðila frá árinu 2002, samtals að upphæð kr. 186.116.-, enda innheima fullreynd.

3. Frumvarp til vegalaga – til umsagnar

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Miklar umræður urðu um samgöngumál í héraðinu.

4. Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Blönduóssbæ

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

5. Námsferðir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Bréf frá Sambandinu til sveitarfélaga varðandi námsferðir lagt fram til kynningar.

6. Ritun sögu Blönduóss – erindi frá Páli Ingbóri Kristinssyni

Bæjarráð samþykkir að fela Einari Kolbeinssyni að kanna hvort fyrir liggi eldri ákvarðanir eða ályktanir um málið og með möguleika á framkvæmd skráningar sögu staðarins. Niðurstöður þessa ásamt tölum um líklegan kostnað verði kynntar bæjarráði fyrir 1. maí nk.

7. Styrkbeiðni vegna skýrslu Ólínu Friðriksdóttur um samkeppnishæfni Austur-Húnavatnssýslu

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að kaupa eintök af skýrslunni fyrir allt að kr. 50.000.-

8. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 13. febrúar 2007

Bréfið lagt fram og bæjarstjóra falið að vinna að lausn málsins. Umræður urðu um gáma í sveitarfélaginu og stöðuleyfi fyrir þeim.

9. Tjaldsvæðið Brautarhvammi – uppgjör vegna ársins 2006 og rekstur 2007

Bæjarstjóri lagði fram uppgjör við rekstraraðila fyrir árið 2006 sem bæjarráð samþykkir. Umræður urðu um rekstur upplýsingamiðstöðvar og fleiri þætti varðandi rekstur tjaldsvæðisins. Bæjarráð telur að leita skuli leiða til að lækka launakostnað svo rekstur standi undir sér. Bæjarráð samþykkir að vísa endurbótum á tjaldsvæðinu skv. fyrirbyggjandi upplýsingum til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

10. Samstarfsverkefni við Húnavatnshrepp

Á fundi sem bæjarráð átti með fulltrúum Húnavatnshrepps þann 20. febrúar var framkvæmdastjórum sveitafélaganna falið að gera drög að samningum um félagsstarf aldraðra, urðun og eyðingu sorps, leikskólamál og félagsmiðstöðina Skjólíð. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi sveitarfélaganna um rekstur Skjólísins.

11. Rekstur þjónustumiðstöðvar

Umræður urðu um framtíðarskipulag þjónustumiðstöðvarinnar en ákvarðanatöku þar um frestað.



12. Önnur mál

Bæjarstjóri lagði fram bréf frá Birni Þór Kristjánssyni þar sem hann lýsir óánægju sinni yfir framgangi mála varðandi deiliskipulag í Brautarhvammi. Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og gera drög að kostnaðaráætlun vegna mögulegra framkvæmda í sumar.

Umræður urðu um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu. Bæjarráð samþykkir samhljóða að fela bæjarstjóra að ganga frá samningi um fornleifaskráningu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Héðinn Sigurðsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Hulda Ragnheiður Árnadóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Fundi slitið kl. 18:50

Einar Kolbeinsson (sign.)